

**Dr. Helgi Pjeturss.:**

# **Hekla. Gosmyndanir og fleira**

## I.

**HIKLAUST tel jeg myndina af Heklu vera merkilegustu kvík-myndina sem jeg hefi sjæð.**

Hversu furðulegt — svo að jeg nefni það eitt, þó að margs annars væri að géta — er að sjá renna fram hið rauðglóandi fljót, sem á upptök sín í fjallinu, og verður að hraungrjóti begar það frýs, eða, með öðru orði, storknar. Og ekki þótti mjer síður merkilegt að sjá mennina sem voru barna að verki, með beim árangri, að miklu fullkomnari vitneskja mun verða til um þetta gos en nokkurt annað hjer á landi. Og þarna hefir burft við ekki einungis áhuga og kunnáttu, heldur einnig það sem engar ýkjur eru að kalla hetjuhug.

Hefir það því miður, einsog kunnugt er, sorglega sannast, með hve miklum háska verk þetta hefir verið unnið. Þarna hafa afbragðsmenn að verið, og jeg er að vona að hin aðdáanlega fram-koma þeirra gagnvart bessum merkilegu tíðindum í jarðsögu Íslands, geti orðið til að greiða fyrir því, að komið verði upp þessari stofnun til rannsókna á jarðfræði Íslands, sem svo mjög er nauðsynleg, og mikla þýðingu mundi geta fengið, ekki einungis fyrir íslenska menningu, heldur einnig alþjóðleg vísindi.

Jeg skrifaði um þetta mál grein sém kom í Lesbók Morgunblaðsins í júlí 1946, en hafði því miður ruglast svo í setningu, að varla er öðrum en miklum gáfumönnum trúandi til að hafa komist fram úr henni.

Gat jeg þar um, hversu góðu iði íslensku, er hjer nú á að skipa til jarðfræðirannsókna, og nefndi þá menn held jeg flesta; og eins, að nú er til í þessum efnum, sum árfðandi sjerþekking, sem 'vjer hínir eldri jarðfræðingar íslenskir, höfðum ekki til að bera, og að vísu meðfram af því, að hún er, að verulegu leyti, nýtilkomin.

## II.

Hekla er sjerstaklega eftir-tektarvert eldfjall. Um Heklugos er ekki getið fyr en rúmum 200 árum eftir landnám Ingólfss (1104), og býsna óliklegt, að ekki hefði verið í frásögur fært, ef hún hefði gosið áður, eftir að land bygðist. Vjer getum í hömrum og brekkum glögglega sjéð hvernig gosaldir og aldir sem ekki gaus, hafa skifst á í jarðsögu landsins, síðstu aldabúsundirnar áður en Island bygðist. Og ýmislegt bendir nú til þess, og þarameðal saga Heklu, einsog vikið var á, að það hafi verið í upphafi slíkrar gosalar, eða um endalok hvíldaraldar, sem landnámið varð. Arið 1783, gaus hjer einsog aldrei áður eftir að is-

lensk þjóð varð til, og munatíð  
þá minstu að landið yrði með  
öllu óbyggilegt. Sprungusvæðið,  
suðvestur af Vatnajökli, þar  
sem gos þetta varð, er eitt hín  
yngsta hjer á landi, og virðist  
þar vera um sjerstaklega ugg-  
vænlegt hættusvæði að ræða. Óf-  
þó að nógar ástæður sjeu til þess  
aðrar, þá ætti þetta að geta örvið  
til að ýta mjög undir, að íslenski  
jarðfræði rannsóknastofnun væri  
komið upp.

Það væri undireins mjög mikil  
vert, ef jarðfræðibekkingu yrði  
komið í það horf, að segja mætti  
fyrir eldgos, og það eigi all  
jarðfræðirannsóknastofnun væri  
gera sjer ennþá stærri vonir um  
framtíð vísindanna, og jafnvel  
svo, að þar kæmi, að nota mætti  
eldgoðaorkuna í þágu mannkyns-  
ins. Og vilji einhver staðhæfa  
að þetta sje ekki einungis ólík-  
legt, heldur alveg ómögulegt, þá  
vil jeg biðja menn að huga  
hvernig sñúist hafa mundi verið  
við því, fyrir 100 árum — svo að  
ekki sje lengri tími tiltekið —  
ef einhver hefði sagt, að fossana  
mætti nota til þess að framleiða  
ljós og hita í hýbýlum manna  
auk margs annars, sem sumt  
væri jafnvel óframkvæmanlegt  
ef ekki nytí afsl fossanna við.

#### Leiðrjetting.

I grein eftir mig hjer í bladini  
7. nóv. hafði í fyrirsögninni mis-  
prentast: sögu og fortíð. Á all  
vera: sögu og framtíð.

28. nóv. 1947.

Helgi Þjóðólfur

10 des. 1961. ~~10 des. 1947~~